



Erna Vala og Skrjabin

**Sinfóníuhljómsveit áhugamanna:
Tónleikar í Seltjarnarneskirkju
laugardaginn 25. nóvember 2023, klukkan 16:00
Stjórnandi: Oliver Kentish
Einleikur á píanó: Erna Vala Arnardóttir**

Efnisskrá:

Jean Sibelius: Karelia-svítan
Alexander Skrjabin: Píanókonsert í fíis-moll



Sibelius



Scriabin



Erna Vala

Aðgangseyrir er kr. 3000, afsláttarverð kr. 2000 fyrir nemendur og eldri borgara
greiðist við innganginn eða inn á reikning 0137 05 18182, kt. 470497 2469

Efnisskrá:

Jean Sibelius: Kareliasvíta fyrir hljómsveit, op. 11

- 1: *Intermezzo*
- 2: *Ballade*
- 3: *Alla marcia*

Alexander Skrjabin: Píanókonsert í fíis-moll, op. 20

- I. *Allegro*
- II. *Andante*
- III. *Allegro moderato*

Um verk og flytjendur:



Jean Sibelius (1865-1957) sýndi tónlistarhæfileika sína þegar á unga aldri. Hann lærði á fiðlu og samdi sína fyrstu tónsmíð aðeins níu ára. Eftir eitt ár í laganámi sneri hann sér alfarið að tónlistar námi og lærði tónsmíðar og fiðluleik í Berlín og Vín. Hann varð fljótt vel þekktur af tónsmíðum sínum og hefur alla tíð síðan verið talinn í röð fremstu tónskálda. Tónverk hans voru gjarnan stór í sniðum, sínfóníur, hljómsveitarsvítur og tónaljóð. Hann samdi einnig tónlist fyrir leikhús og ýmis tækifæri og notaði síðan efniviðinn í svítur til flutnings í tónleikasal, meðal annars þá sem hér er flutt. Kareliasvítan varð til úr tónlist sem samin var fyrir sýningu sem stúdentar við Helsinki-háskóla héldu 1893 í Kareliu, héraði í suðausturhluta Finnlands. Tónlistin er nokkuð gróf og köntuð, á

að endurspegla þjóðrækni og sögulegt efni sýningarinnar. Þetta tónverk var reyndar fyrsta hljómsveitarverk tónskáldsins. Hann samdi síðar mörg hljómsveitarverk, meðal þeirra sjö sínfóníur og frægan fiðlukonsert.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur áður flutt Kareliasvítuna á tónleikum. Það var í Hörpu í mars 2012.



Bygging Háskólans í Helsinki þar sem tónlistin var frumflutt, sem varð grunnurinn að Kareliasvítunni.

Alexander Skrjabin (1871-1915) ólst upp í Moskvu. Hann missti foreldra sína í bernsku og ólst upp hjá ömmu sinni. Hann var fyrst og fremst þekktur sem píanósnillingur og tónsmíðar hans voru flestar samdar fyrir það hljóðfæri. Skrjabin samdi þrjár sinfóníur en fyrsta verk hans fyrir hljómsveit var þó píanókonsertinn í fíis-moll sem frumfluttur var 1897 í Odessa. Höfundurinn stjórnaði sjálfur og lék einleikspartinn. Konsertinn fékk misjafnar móttökur en varð frægur eftir einstakt tónleikaferðalag 1910 þar sem Serge Koussevitzky sigldi á gufuskipi með hljómsveit og einleikara eftir Volgu til Kaspíahafs. Í þessari ferð lék Skrjabin píanókonsertinn tíu sinnum og vakti það sérstaka athygli að hann lék hann aldrei alveg eins.





Málverk eftir Robert Sterl af Skrjabin og Koussevitzky að flytja píanókonsertinn í fíis-moll. Myndin er í Galerie Neue Meister í Dresden.



Erna Vala Arnardóttir píanóleikari hefur látið að sér kveða meðal virkra hljóðfæraleikara hér á landi síðustu ár. Hún hefur komið fram út um allt land, víða í Evrópu og Bandaríkjunum auk þess að vinna til fjölda verðlauna fyrir píanóleik. Þar má nefna heiðursorðuna Hvítu rósina frá forseta Finnlands, Sauli Niinistö, fyrstu verðlaun í efsta flokki EPTA-píanókeppninnar á Íslandi og Unga einleikara. Erna Vala er stofnandi og

listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Seiglu (www.seiglafestival.is) sem haldin er árlega í byrjun ágúst í Hörpu og samanstendur af röð kammertónleika sem fara fram í Eldborg og opinni dagskrá sem fer jafnan fram í Hörpuhorni. Seigla er þekkt fyrir að nýta rými Hörpu á skapandi og nýstárlega vegu. Á

hátíðinni er leitast við að skapa upplifun sem er ekki bara ánægjuleg heldur vekur líka athygli áhorfenda á ytra og innra umhverfi, áhrifum þess og þýðingu. Hátíðin er haldin á vegum Íslenska Schumannfélagsins, menningafélags sem Erna Vala stofnaði sumarið 2020 og hefur hún starfað sem formaður þess síðan. Félagið, og allir viðburðir á vegum þess, hefur það að markmiði að skapa heilbriggt og frjótt menningarumhverfi á Íslandi og styðja við jákvætt starfsumhverfi listafólks á Íslandi. Erna Vala hefur komið fram sem einleikari með hljómsveitum, þar á meðal Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Nýlega kom hún fram sem einleikari á sjónvarpstónleikum SÍ: Klassíkin okkar, undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Síðastliðið ár hefur hún einnig spilað einleikstónleika við ýmsar tónleikaraðir, þar má nefna Last Rose of Summer í Berlín, Ciclos de Lua Nova og Concertos Comentarios í Portúgal, Tíbrá í Salnum, Menningu á miðvikudögum og Beethoven 251 í Salnum, Velkomin heim í Hörpu, og einnig í Norðurljósum Hörpu, í Stykkishólmi, á Ísafirði, Selfossi, Egilsstöðum og Akureyri. Hún hefur komið fram sem kammerpíanóleikari við ýmsar hátíðir og tónleikaraðir, þar má til dæmis nefna Sígilda sunnudaga í Norðurljósum, Tíbrá í Salnum, Menningarnótt í Hörpu, Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni og Ung Nordisk Musik og Nordic Music Days þar á meðal með kammersveitinni Elju og Strokkvartettinum Sigga. Hún hefur verið gestalistamaður ýmissa hátíða, þar má nefna Við Djúpið á Ísafirði, Fulbright Arctic Initiative í Washington D.C., Albignac Piano Festival í Frakklandi og Trinity Laban-samtímalistahátíðina í London. Erna Vala bar sigur af bítum í Einleikarakeppni SÍ árið 2014 og efsta flokki EPTA Píanókeppni Íslands árið 2015. Erna Vala lauk bakkalárgráðu og diplómu í píanóleik við Listaháskóla Íslands hjá Peter Máté árin 2016 og 2017. Hún lauk meistaragráðu í píanóleik við Síbelíusarakademíuna í Helsinki undir leiðsögn Hömsu Juris vorið 2019. Hún hóf doktorsnám sama ár við USC í Los Angeles sem Fulbright-styrkþegi undir handleiðslu Bernadene Blaha. Síðastliðið vor útskrifaðist Erna Vala með aðra meistaragráðu sína, nú í hljóðfærakennslu frá Listaháskóla Íslands. Í náminu vann hún rannsókn um áhrif valdastrúktúra í einkakennslu í tónlist á háskólastigi. Við Listaháskólann gengdi hún einnig stöðu forseta Stúdentaráðs LHÍ og forseta nemendafélags tónlistardeildar LHÍ, þá var hún einnig fulltrúi nemenda í sviðsráði LHÍ. Síðastliðið haust hóf hún rannsóknarnám á sviði Performance Research til PhD gráðu við Royal Academy of Music í London undir leiðbeinslu Söruh Callis. Verkefnið hennar skoðar hvernig mynda má nánara samband tónlistarflytjenda og áhorfenda út frá sjónarhorni sínu sem tónlistarflytjandi í gegnum eigin reynslu sem flytjandi og út frá endurgjöf áhorfenda. Tónlistarhátíðin Seigla mun vera mikilvægur vettvangur rannsóknarinnar. Meðal næstu verkefna Ernu Völu má nefna útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi með nýjum verkum eftir Stefan Sand í kjölfar upptaka sem gerðar voru fyrr á árinu með barítónsöngvaranum Ólafi Frey Birkissyni. Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna nú flytur hún píanókonsert Scriabins en það verður í annað skiptið sem þessi konsert hljómar á

opinberum vettvangi á Íslandi. Í febrúar spilar hún á tónleikaröðinni Tíbrá í Salnum þriðja árið í röð, þar verður flutt Sónata fyrir tvö píanó og slagverk eftir Bartók, þrír kaflar úr Petrúska eftir Stravinsky og valdir hlutar úr West Side Story eftir Bernstein. Með henni koma fram Romain Dénit píanóleikari, Frank Aarnink og Diddi Guðnason slagverksleikarar.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Yfirstandandi starfsár er því 34. starfsár hennar. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist og viðhalda færni sinni. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en alls hafa hátt á annað hundrað manns leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Starfið er ólaunað. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi hin síðari ár er Oliver Kentish. Ingvar Jónasson, sem var einn af frumkvöðlum að stofnun hljómsveitarinnar, var aðalstjórnandi hennar allt frá upphafi og til ársins 2005 en þá lét hann af því starfi að eigin ósk. Ingvar lést árið 2014. Margir gestastjórnendur hafa einnig lagt hljómsveitinni lið. Æfingar eru eitt kvöld í viku, starfsárið er venjulega frá september til maí. Frumflutningur íslenskra verka hefur verið mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Verk hafa verið samin fyrir hana, stundum að hennar frumkvæði. Að minnsta kosti fjögur virk tónskáld hafa leikið með sveitinni í lengri eða skemmri tíma. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni. Sumir þeirra þreyttu frumraun sína á tónleikum sveitarinnar. Hljómsveitin hefur átt samstarf við marga kóra og flutt smærri og stærri verk fyrir kór og hljómsveit. Hún hefur einnig tekið þátt í kóramótum og leikið þar með hundruðum söngfólks frá ýmsum löndum. Haldnir hafa verið 4-7 tónleikar á ári, ef frá eru talin faraldursárin 2020 og 2021. Auk þess hefur hljómsveitin komið fram við ýmis tækifæri s.s. við athafnir í Háskóla Íslands, kirkjulistahátíðir og hátíðaguðsþjónustur. Hljómsveitin hefur farið nokkrar ferðir út á landsbyggðina og haldið tónleika í samstarfi við heimamenn. Má þar nefna Skálholt, Reykholt, Borgarnes, Ísafjörð, Dalvík og Vestmannaeyjar. Sveitin fór í tónleikaferð til Berlínar haustið 2008 og hélt tvenna tónleika í samvinnu við Orchester Berliner Musikfreunde, elstu áhugahljómsveit Berlínar sem þá nýlega hafði haldið upp á 140 ára afmæli sitt. Aðaltónleikarnir voru haldnir í Philharmonie, einu þekktasta tónleikahúsi veraldar. Síðastliðið vor kom hljómsveit frá Þýskalandi í heimsókn og héldu hljómsveitirnar sameiginlega tónleika í Reykjavík og Reykholti. Hin síðari ár hefur hljómsveitin átt samstarf við Nótuna, uppskeruhátíð tónlistarskólanna. Verðlaunahafar hafa fengið tækifæri til að leika einleik með hljómsveitinni á tónleikum hennar. Næstu Nótutónleikar verða í febrúar 2024.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Jónína Þ. Thorarensen

1.fíðla

Jónína Þ. Thorarensen
Vera Steinsen
Jelena Kuzminova
Hekla Arnardóttir
Sólrún Svava Kjartansdóttir
Hlíf Sigurjónsdóttir
Auður Hafsteinsdóttir

2.fíðla

Drífa Örvarsdóttir
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Runólfur Jóhannsson
Helga Andrésdóttir

Víóla

Páll Ingvarsson
Sigita Siciuniene
Elín Björk Jónasdóttir

Selló

Páll Einarsson
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Yana Prykhodko
Guðrún Svana Hilmarsdóttir
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Bassi

Kjartan Guðnason
Dean Ferrell

Flauta

Bolli Þórsson
Kristrún Helga Björnsdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Englahorn

Guðrún Másdóttir

Klarinett

Hanna Sóley Guðmundsdóttir
Jose Boaventura

Fagott

Cameron Anderton
Adam Flint
Kaho Terazono

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Kjartan Ólafsson
Þorkell Jóelsson
Sara Rós Hulda Róbertsdóttir

Trompet

Þorleikur Jóhannesson
Jón Hafsteinn Guðmundsson
Steinar Matthías Kristinsson

Básúna

Rolf Gaedeke
Hallvarður Einar Logason
Martin Nizon-Deladoeulle

Túba

Hugi Jónsson

Pákur

Breki Freysson

Slagverk

Snorri Daníelsson
Trausti Daníelsson

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða laugardaginn 14. febrúar 2024. Tónleikarnir eru í samvinnu við Nótuna, uppskeruhátíð tónlistarskólanna.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Tónlistarskóla Seltjarnarness ómetanlegan stuðning.